

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (VI).

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um innflutning og útflutning á víni milli Íslands og annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Vín sem upprunnið er frá landi utan Evrópska efnahagssvæðisins heyrir ekki undir reglugerðina, samanber bókun 47 við EES-samninginn.

2. gr.
Innleiðing reglugerða.

Eftirtaldar reglugerðir Evrópusambandsins um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín skulu gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í viðkomandi ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar:

- a. *Tilteknar vinfræðilegar vinnsluaðferðir og skráning á þessum vinnsluaðferðum í skrár sem halda skal fyrir víngeirann:*
 - i. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1576, frá 6. júlí 2015 (sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 19/2016, 31. mars 2016, bls. 489), um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 að því er varðar tilteknar vinfræðilegar vinnsluaðferðir og á reglugerð (EB) nr. 436/2009 að því er varðar skráningu á þessum vinnsluaðferðum í skrár sem halda skal fyrir víngeirann, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2016, frá 18. mars 2016, um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín.
- b. *Aukning á hámarksheildarinnihaldi brennisteinsdioxíðs ef það er nauðsynlegt vegna loftslagsskilyrða:*
 - i. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/596, frá 15. apríl 2015 (sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 19/2016, 31. mars 2016, bls. 487), um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 að því er varðar aukningu á hámarksheildarinnihaldi brennisteinsdioxíðs ef það er nauðsynlegt vegna loftslagsskilyrða, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2016, frá 18. mars 2016, um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín.
- c. *Heimild um hækjun marka fyrir auðgun víns sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2014 á tilteknum vinræktarsvæðum:*
 - i. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1271/2014, frá 28. nóvember 2014 (sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 19/2016, 31. mars 2016, bls. 493), um að heimila hækjun marka fyrir auðgun víns sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2014 úr tilteknum vinþrúguyrkjum í tilteknum vinræktarhéruðum eða hlutum þeirra, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2016, frá 18. mars 2016, um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín.
- d. *Sameignlegt markaðskerfi í landbúnaði og sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur:*
 - i. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013, frá 17. desember 2013 (sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 19/2016, 31. mars 2016, bls. 111), um sameignlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarárafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2016, frá 5. febrúar 2016, um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín.

Nr. 327

5. apríl 2016

Flest ákvæði reglugerðar Evrópupingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 varða ekki EES þar sem þau tengjast sameiginlegri skipulagningu markaða með landbúnaðarvörur. Því eru talin upp sérstaklega þau ákvæði sem gilda, í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2016.

3. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 193. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 5. apríl 2016.

F. h. r.

Maríanna Jónasdóttir.

Steinar Örn Steinarsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. apríl 2016